

Náttúran í nýju ljósi

Kettir

Örstutt um myndbandið: Fyrsta kattardýrið kom fram fyrir um 500 milljónum ára. Myndbandið fjallar um þróun kattardýra, lífshætti þeirra og útbreiðslu.

Efnisráður: Til eru meira en 35 tegundir af villikattardýrum og yfir 300 afbrigði heimiliskatta. Við skoðum helstu tegundir kattardýra og hvað það er sem gerir þau að svo góðum veiðidýrum. Fjallað er um samband þessara dýra við manninn, allt frá því að Egyptar gerðu þá að heimilisdýrum og til vorra daga þegar menn hafa hannað ótal mörg afbrigði húskatta. Skoðaðir eru lífshættir í ljónahjörð og fylgst með því hvernig kattardýr bera sig til við veiðar.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja helstu tegundir kattardýra
- Að vita hvað gerir kattardýr að svo góðum veiðidýrum
- Að átta sig á sameiginlegum einkennum kattardýra og séreinkennum helstu tegunda

Helstu atriði og hugtök:

- bráð
- rándýr
- kattardýr
- kjötætur
- mal
- öskur
- ofurnám sjón
- hvolpur, kettlingur
- klær
- feldur
- villikettir
- heimiliskettir
- ljónahjörð

Hugmyndir að verkefnum

- Húskötturinn, ræktun hans og þróun
- Bera saman atferli ljóna og annarra kattardýra (veiðar, umönnun afkvæma o.s.frv.)
- Kanna útbreiðslu ýmissa tegunda kattardýra, útbúið kort
- Kanna þróunarferli kattardýra frá því að fyrsta dýrið kom fram fyrir u.þb. 500 milljónum ára
- Velja sér eitt kattardýr. Kanna skyldleika þess við önnur kattardýr, einkenni, heimkynni, fæði, fæðuöflun og atferli.

Til umræðu:

- Hvert er upphaflegt hlutverk heimiliskatta?
- Hvaða hlutverki ljónar mynstur í feldi kattardýra?
- Hvað gerir kattardýrum kleift að sjá vel í myrkri?

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; erfðir, aðlögun og þróun; bygging og starfsemi lífvera; atferli

Tengsl við námsefni:

Lifandi veröld
Húsdýrin okkar
Náttúruverkefni

Titill á frummáli: *Cats*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason